

Ed.

265. Frumvarp til laga

[156. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 83 1. júní 1978 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði 60. töluliður, og hljóði svo:  
Að fresta eða afturkalla um tiltekinn tíma að einhverju eða öllu leyti þær tollalækkningar sem ákveðnar eru samkvæmt 60., 61., 64. og 65. kafla 1. gr. laga þessara þann 1. janúar 1979 og 1. janúar 1980 og ekki eru samningsbundnar við erlend ríki eða alþjóðleg samtök. Ákvörðun um frestun tollalækkana samkvæmt þessum lið skal tekin að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákvæði þess efnis að reynt verði með opinberum aðgerðum að sporna við óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með tollalækkunum. Hér var fyrst og fremst átt við frestun tollalækkana á iðnaðarvörum samkvæmt samningum Íslands við EFTA og EBE.

Ekki hefur þó reynt unnt að ná fram á þessu stigi samkomulagi um frestun þessara tollalækkana eins og kunnugt er.

Í 1. gr. gildandi tollskrárlaga nr. 120/1976 er hins vegar ákveðin lækkun tolla á ýmsum vörum sem ekki er samningsbundið að eigi sér stað. Hér er fyrst og fremst um að ræða svonefnda ytri tolla, þ. e. tolla af vörum frá löndum sem eru utan EFTA og EBE. Ennfremur tollalækkningar á ýmsum fjárfestingarvörum svo og hátollavörum. Ljóst er að innlendir iðnaður er einnig í samkeppni við vörur frá löndum utan EFTA og EBE og er þar fyrst og fremst um að ræða fatnað frá löndum í Asíu, en verulegur innflutningur á fatnaði á sér stað þaðan. Ekki sýnist eðlilegt að lækka tolla á þessum vörum þótt samningar knýi til lækkunar tolla á sömu vörum frá löndum innan EFTA og EBE. Sömu sögu er að segja um skófatnað en innlendir skóíðnaður á nú mjög erfitt uppdráttar. Verði heimild frumvarpsins notuð að fullu er tekjuauki ríkissjóðs af frestun ytri tollalækkana af fatnaði og skóm í hinum fylgreindu köflum tollskrárinnar áætlaður 150 m.kr. á árinu 1979 og um leið er í þeirri ráðstöfun fólgin nokkur vernd fyrir innlendan fata- og skóíðnað.